



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100, 13101 Fax 13107

181. fundur skólanefndar FS 28. október 1993

Mættir: Sigríður Jóhannesdóttir, Guðbjörg Ingimundardóttir, Gestur Páll Reynisson, Kristbjörn Albertsson, Magnús Óskar Ingvarsson, Gísli Torfason, Hjálmar Arnason, skólameistari, og áheyrnarfulltrúarnir Bogi Hallgrímsson úr Grindavík og Jón Ingi Baldvinsson úr Vatnsleysustrandarhreppi.

Dagskrá:

1. Heimsóknir Svía í FS.
2. Gullmerki FS - tillaga.
3. Fjárhagsstaða.
4. Af tilraunastarfi í FS.
5. Kaup á líkani af SV-landi.
6. Önnur mál.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Síðan var gengið til dagskrár.

1. Heimsóknir Svía í FS.

Hjálmar sagði frá því að síðustu vikur hafa þrír hópar sænskra skólastjórnenda og kennara heimsótt skólann. Tilgangur heimsóknanna er að kynnst áfangakerfinu sem Svíar hafa hug á að taka upp. Svíarnir hafa verið mjög ánægðir með heimsóknirnar og hafa mjög hrósað umgengni og framkomu nemenda auk þess sem þeim hefur litist vel á áfangakerfið og stoðkerfið. Fundarmenn lýstu yfir ánægju með þessar fréttir og Sigríður taldi það athyglisvert að Svíar teldu sig geta lært af Íslendingum í skólamálum.

2. Gullmerki FS - tillaga.

Hjálmar sagði frá hugmynd um gullmerki FS sem komið hefur fram meðal kennara. Lagt er til að þeim sem hafa stuðlað að framgangi skólans verði veitt sérstakt merki frá skólanum í viðurkenningarskyni. Merkið fái t.d. velunnarar skólans, kennarar og nemendur sem hafa starfað að félagsmálum eða aukið hróður skólans á einhvern hátt. Hjálmar lagði til að fulltrúar skólanefndar, kennara og stjórnar NFS skipi nefnd sem skólameistari sitji einnig í. Nefndin semji reglur um úthlutun FS-merkis sem lagðar verði fyrir skólanefnd til staðfestingar. Samþykkt. Þá var samþykkt að Kristbjörn Albertsson verði fulltrúi skólanefndar í undirbúningsnefnd.



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100, 13101 Fax 13107

3. Fjárhagsstaða.

Hjálmar upplýsti að nú hafi nær tekist að vinna upp hallann á rekstri skólans sem var 2,9 milljónir um síðustu áramót. Útlit er fyrir að skólinn standi á jöfnu um næstu áramót og hefur þetta náðst með hagræðingu og sparnaði í öllum rekstri. Hjálmar kynnti einnig hlut skólans á fjárlögum fyrir árið 1994 og er hann sambærilegur við þetta ár. Einnig hefur verið sótt um fé til viðhalds á húsnæði en Alþingi á eftir að samþykkja úthlutanir.

4. Af tilraunastarfi í FS.

Hjálmar kynnti lista yfir tilraunir og þróunarverkefni sem eru í gangi í skólanum. Nokkrar umræður urðu um listann.


5. Kaup á líkani af SV-landi.

Sigurður Pálsson hefur boðið skólanum líkan af SV-landi til kaups á 200 þúsund krónur. Fundarmenn skoðuðu líkanið og var samþykkt að skólinn kaupi það. Líkaninu verður komið fyrir á göngum skólans. Bent var á að fleiri skólar á svæðinu ætli að kaupa líkön og var ákveðið að kanna hvort skólarnir gætu haft samráð um kaupin.

6. Önnur mál.

- a) Gestur Páll spurði um mötuneyti nemenda. Hjálmar lagði til að hann og Gestur Páll könnuðu málið og ræddu við rekstraraðila mötuneytisins.
- b) Borist hefur bréf frá Þór Stefánssyni þar sem hann óskar eftir framlengingu á launalausn leyfi sínu fram á vor. Skólanefnd mælir með því að Þór fái áfram launalaust leyfi.
- c) Nemandi skólans, Gunnar Björn Björnsson úr Grindavík, hefur samið og gefið út kennslubók í flatmyndafræði fyrir efstu bekkni grunnskóla. Þegar hafa þrír skólar keypt bókina.
- d) Hjálmar sagði frá því að Listskreytingasjóður hefur lagt fram 300 þúsund króna viðbótarfjárveitingu vegna samkeppni um listaverk í nýbyggingu. Upplýsingar um keppnina voru lagðar fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Sigríður Jóhannesdóttir,
formaður


Guðmann Kristþórsson,
fundarritari